

Tóbaksauglýsingar á biðstofum

Bandarísku læknasamtökin (AMA) beindu fyrir liðlega áratug þeim tilmælum til bandarískra heimilislækna að losa sig við blöð og tímarit sem auglýsa tóbak af læknaustofum og heilsugæslustöðvum. Könnun sem gerð var í Boston árið 1988 sýndi að einungis 11% biðstofa þar voru alveg lausar við slík tímarit og ekki lýstu nema 25% lækna áhuga á að útrýma þess háttar efni af biðstofunum. Þrátt fyrir ítrekuð tilmæli heildarsamtaka lækna virðist sem ekki hafi allir tekið við sér á þessu sviði. Árið 1999 var gerð símakönnun meðal barnalækna í Rochester í New York fylki. Niðurstaðan olli vonbrigðum. Einungis 8% lækna sem spurðir voru sneiddu algerlega hjá blöðum sem innihéldu tóbaksauglýsingar. Að vísu voru 45% lækna ekki áskrifendur að neinum blöðum sem innihéldu slíkar auglýsingar en meirihluti þeirra lét blöð sem þeir fengu send ókeypis liggja frammi á stofnum sínum og allmörg þeirra innihéldu tóbaksauglýsingar. Tuttugu og einn af hundraði lýsti áhuga á að losa sig alveg við tóbaksauglýsingar af biðstofunum en hafði ekki látið verða af því. 73% lækna voru með áróðursbæklinga eða veggspjöld á biðstofunum. Ætla má að það gæti borið árangur að dreifa lista yfir tímarit sem ekki birta tóbaksauglýsingar til lækna, því 69% úrtaksins sögðust hafa áhuga á að fá slíkan lista sendan.

JAMA Vol. 285/ No. 1. 3. janúar 2001

Í biðröðinni hjá sáttasemjara

Eftir að hinni löngu samningalotu við kennara lauk hjá sáttasemjara snemma í janúar kom röðin að öðrum hópum sem eru með lausa samninga. Einn af þeim hópum sem eiga eftir að semja eru sérfræðingar á sjúkrahúsum. Læknablaðið hafði samband við **Ingundi Vilhjámsdóttur**, formann samninganefndar sjúkrahúslækna, um miðjan janúarmánuð og þá hafði nefndinni ekki verið sagt hvenær röðin kæmi að sjúkrahúslæknum. Biðtíminn hefur verið nýttur vel því verið er að safna efni og undirbúa kynningarfundum vegna mikilla breytinga sem eru framundan á launakerfi sjúkrahúslækna og uppbyggingu samninga þeirra. Á næstu vikum er stefnt að því að halda slíka fundi og verða þeir kynntir vel þegar að þeim kemur.

Frá stjórn Læknafélags Reykjavíkur

Samningamál LR/TR

Á fundi með samninganefnd Tryggingastofnunar ríkisins þann 9. janúar gekk samninganefnd LR, undir forystu Þórðar Sverrissonar augnlæknis, frá samningum fyrir hönd sjálfstætt starfandi lækna. Megininnihald samkomulagsins er:

- Einingarverð hækkar í kr. 180 frá og með 1. janúar 2001.
- Einingafjöldi fyrir klínískar greinar verður 12.000.000 á árinu 2001.
- Gjaldliðir nokkurra sérgreina verða endurskoðaðir og samninganefnd LR mun móta persónubundnar afsláttarreglur, sem eiga að tryggja að útgjöld TR verði innan

fjárlaga. Við mótnun nýrra afsláttarreglna mun stjórn LR hafa samráð við sérgreinafélögin og boðað verður til félagsfundar um málið.

Tölvuföng

Til að bæta og auðvelda samskipti og tengsl félagsmanna er æskilegt að hafa tölvuföng sem flestra félaga. Þau verða einungis notuð á vegum læknaamtakanna.

Sendið svar með tölvupósti þar sem fram kemur nafn, símanúmer og staðsetning á skrifstofu læknafélaganna gunna@icemed.is

Fræðslufundur Læknafélags Reykjavíkur fyrir almenning

Fundartími: Kl. 20:30

Staðsetning: Húsnæði læknaamtakanna á 5. hæð,
Hlíðasmára 8 í Kópavogi

Aðgangur er ókeypis og allir hjartanlega velkomnir

Fimmtudagur 22. febrúar: Vísindalegar nýjungar

í baráttunni við brjóstakrabbamein

Valgarður Egilsson sérfræðingur í meinafræði

Miðvikudagur 28. febrúar: Atvinnusjúkdómar.

Strit - slit og sjúkdómar

Kristinn Tómasson yfirlæknir

hjá Vinnueftirliti ríkisins

